

Sp.

210. Tillaga

til þingsályktunar um verndun einkaleyfa og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða fyrir útvegum þeirra.

Flm.: Emil Jónsson, Páll Zóphóniasson, Bjarni Ásgeirsson,
Guðbrandur Ísberg, Jakob Möller.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka möguleikana fyrir því, að Ísland verði þátttakandi í milliríkjasamningum um verndun einkaleyfa, og gera síðan ráðstafanir til, að þeirri rannsókn lokinni, að Ísland gangi inn í þessa samninga, ef hún telur það æskilegt og tiltækilegt.

Ennfremur ályktar Alþingi að veita ríkisstjórninni heimild til, meðan á rannsókn þessari stendur, að styrkja þá Íslendinga til kaupa á einkaleyfum fyrir uppgötvanir sínar erlendis, sem ekki eru þess umkomnir fjárhagslega að geta það sjálfir, ef ríkisstjórnin, að fengnum tillögum Verkfræðingafélags Íslands eða annara þar til hæfra manna, telur uppgötvanir þeirra þess virði, að einkaleyfi séu keypt fyrir þær víðar en á Íslandi.

Greinargerð.

Í lögum um einkaleyfi, nr. 12 20. júní 1923, er ekki sérstaklega gert ráð fyrir því, að Ísland gangi inn í þessa samninga, og yfirleitt engar ráðstafanir gerðar til að tryggja Íslendingum rétt á uppgötvunum sínum erlendis.

Með vaxandi „tekniskri“ menntun landsmanna aukast líkurnar fyrir því, að eitthvað það komi fram hér, sem almennt gildi hefir um allan heim, og er þá nauðsynlegt, að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja þessum mönnum einkarétt til uppgötvana sinna hvar sem er.

Nú sem stendur verður hver sá íslenskur borgari, sem taka vill einkaleyfi erlendis fyrir uppgötvun sína, að gera það strax í öllum þeim löndum, sem til mála koma, áður en komið er með uppgötvunina opinberlega fram; annars getur hann átt á hættu að missa að miklu eða öllu leyti einkaleyfisréttinn í því eða þeim löndum, sem ekki er sótt um leyfið í. Umsóknir þessar kosta allmikið fé, en uppfinningamenn eru aftur oft á tíðum svo fátækir, að þeir eiga þess ekki nokkurn kost að fara þessa leið.

Síðari hluti tillögunnar fer fram á að veita þessum mönnum fjárhagslegan stuðning, þangað til séð verður, hvort þeir samningar verða gerðir, sem aðal-
tillagan fer fram á.

Nánar í framsögu.